

Professional Xtreme 1

Almött loftamálning



Efnislýsing

Professional Xtreme 1 er hvít vatnsþynnaleg akrýlmálning með almáttu áferð. Létt er að vinna með málninguna og hún með góðan opnunartíma. Professional Xtreme 1 þekur einstaklega vel og er sérlega góð til blettunar eins og oft er þörf við málun í nýbyggingum. Hún hefur fallegt og einsleitt yfirborð frá öllum sjónarhornum. Hún er því sérstaklega hentug fyrir stór loft með mikilli lýsingu.

Professional Xtreme 1 hentar til notkunar innanhúss, m.a. í nýbyggingar, á spartl, gífsplötur, steypa fleti, ómálaða sem málaða.



Meðhöndlun

Nýmálun/nýbyggingar

1. Tryggið að flöturinn sé laus við olíu, fitu, útfellingar og önnur óhreinindi. Ef flöturinn er duftsmítandi eða mjög gljúpur skal grunna með Professional Microdispers eða Grund+.
2. Sandspartlið og slípið eftir þörfum. Grunnið spartlið með Professional Microdispers, Grund+ eða Professional A5.
3. Málið 1-2 umferðir af Professional Xtreme 1.

Endurmálun

1. Óhreina og málaða fleti skal þvo með Original Måltartvätt og vatni. Hreinsið lausa málningu af fletinum.
2. Þegar nikótín, kertasót eða vatnskaði er í lofti þarf að grunna með viðeigandi einangrunargrunni, t.d. Nordsjö Spärrvitt.
3. Þvegna kalkmálaða fleti, sem og annað laust bundið undirlag, skal grunna með Professional Microdispers, Grund+ eða Professional A5.
4. Gljáandi fleti skal mattslípa og rykhreinsa og grunna eftir þörfum.
5. Málið 1-2 umferðir af Professional Xtreme 1.

ATH. Til að fá sem fallegustu og jöfnustu áferð á loftum þar sem innflæði ljóss er mikið á slétta fleti er ráðlegt að mála fyrri áferð þversum á innkomuátt birtunnar og síðan langsum í seinni umferð.

Heilsufars- og umhverfismál

Við slípun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni tryggilega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Bindiefni: Akrýlsampólýmer

Gljástig: Almatt 1%

Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 2 klst

Yfirmálun: 4 klst

Lágmarkshiti við málun: Minnst 5°C, mest 25° í lofti og undirlagi

Rakastig: 40-80%, kjörakastig 65%

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur, málningarsprautur

Þekja: 6-8 m²/L

Pakkningar: 2,5 og 10 lítra dósir

Stofnar: Hvítur

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostfríu rými

Rokgjörn lífræn efni: VOC (fl. A/a) 30 g/l (2010). Inniheldur mest 1 g/l VOC

Umhverfissvottanir

Professional Xtreme 1 uppfyllir staðla Svansins (leyfisnr. 397-0005), sem er umhverfismerki Norrænu ráðherra-nefndarinnar. Sjá nánari upplýsingar á www.nordic-ecolabel.org

